



1. útgáfa 15.04.2016

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	TSI Spray Silicon Coolant 1/2 Gall 1:20		
Vörunúmer:	664 260 TSI2.029		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Smurefni-sílikonþeyta.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	Lubrication Technologies, Inc.
	Dalvegur 10-14		900 Mendelssohn Avenue North
	201 Kópavogur		Golden Valley, MN 55427-4309
			Bandaríkin
Sími:	4401000		00-1-800-424-9300
Netfang:	n1@n1.is		-
Veffang:	www.n1.is		www.lubetech.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
	Efnablenda.		
	H302	Hættulegt við inntöku	Bráð eit.4
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
2.2 Merkingaratriði:	Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
Hættumerki			
Viðvörðunarorð	VARÚÐ		
Hættusetningar	H302	Hættulegt við inntöku	
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.	
	P264	Þvoðu...vandlega eftir meðhöndlun.	
	P270	Forðist losun út í umhverfið.	
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.	
	P301+P312	EFTIR INNTÖKU: Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni verði lasleika vart.	
	P304+P341	EFTIR INNÖNDUN: Ef viðkomandi á erfitt með öndun skal flytja hann í ferskt loft og láta hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.	
	P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.	
	P330	Skolið munninn.	
	P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.	
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.	

2.3 Aðrar hættur: Marklíffæri: Augu, magi og meltingarvegur.
Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Oktýlfenoxýpólýetoxýetanól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1,0 - 3,0
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	9036-19-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð eit.4 - H302, Augnert.2 - H319, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

3-(Pólýoxýetýlen)própýlmetýltrísíloxan			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,1 - 1,0
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	614-100-2	H-setningar	H20, H41, H51/53
CAS	67674-67-3	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Augnskað.1 - H318, Bráð eit.4 - H332, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

1,3-bis(hýdroxýmetýl)-5,5-dímetylímíðazólídín-2,4,díon			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,1 - 1,0
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	6440-58-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð eit.4 - H302, Húðert.2 - H315, Húðnæm.1 - H317			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Tryggið óhindraða öndun.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni í amk 10 mín. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni við vanlíðan.
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 10. mín. og haldið augum vel opnum. Lyftið augnlokum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni.
Inntaka	Skolið munn. Leitið lækni við vanlíðan.
Til hjálparliða	Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, froða, slökkviduft, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli, getur orsakað slettur og dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim og brennur ekki nema vatn hafi gufað upp. Rýmið brunasvæði og Við bruna geta myndast: Kolefnisoxíð, nituroxíð, brennisteinsoxíð, hvarfgjörn vetniskolefni og ertandi gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Beitið einungis vatni sem úða við slökkvistörf. og fáist við eld úr öruggri fjarlægð. Tryggið góða loftræstingu. Aðhafist ekkert sem getur valdið áhættu nema fullnægjandi þjálfun sé fyrir hendi. Flytjið ílát af brunasvæði, sé það unnt án áhættu. Varan er skaðleg lífi í vatni. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað skv. EN 469. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Gerðið ekkert sem hefur persónulega áhættu í för með sér, eða sem viðkomandi hefur ekki hlotið þjálfun til að framkvæma. Rýmið nærliggjandi svæði og sjáðið til þess að engir óviðkomandi, eða þeir sem hafa ekki viðeigandi persónuhlífar, fari inn á mengunarsvæðið. Forðist snertingu og að ganga í losuðu efni. Forðist innöndun gufu og úða. Notið viðeigandi persónuhlífar. Tryggið góða loftræstingu.

Fyrir hjálparstarfsmenn

Sjá lið 8. um viðeigandi persónuhlífar og önnur atriði er varða hreinlæti. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Losið ekki í niðurföll. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Mengar vatn. Skaðlegt umhverfi við mikla losun.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Stöðvið lekann ef það er unnt án áhættu. Færið ílát frá menguðu svæði. Þynnið með vatni og hreinsið upp með moppu sé efnið vatnsleysanlegt. Ef ekki, notið óbrennanleg ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar hjá spilliefnamóttöku. Notið neistavarin áhöld. Sé um mikinn leka að ræða, getur reynst nauðsynlegt að mynda varnargarða úr óbrennanlegum ísogsefnum, svo sem sandi, jarðvegi eða kísilgúr. Vinnið vindmegin við mengunarsvæðið. Athugið að menguð ísogsefni geta valdið sömu eld- og sprengihættu og varan sjálf. Tilkynnið strax viðkomandi yfirvöldum um lekann. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 1. um tengla í neyðartilvikum, lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu, inntöku og snertingu við húð og augu. Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Forðist losun út í umhverfið. Notið upprunalegar umbúðir. Endurnýtið ekki umbúðir. Reykið ekki.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum, upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað, fjarri matvælum, beinu sólarljósi, háu hitastigi, eld- og neistagjöfum. Geymsluhitastig: <60°C. Geymið umbúðir í uppréttri stöðu. Geymið fjarri oxandi efnum, sjá einnig lið 10.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærubreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði	Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Sjá staðla EN 689, EN 14042, og EN 482 um mat á váhrifum. Haldið styrk gufu undir sprengimörkum. Notið sprengivarin áhöld og loftræstibúnað.
Persónuhlífar	Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.
Augnhlífar	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).
Húð - hendur	Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska. Ýmsir þættir, t.d. hitastig og samsetning vöru, geta haft áhrif á endingartíma hanska. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna (EN 374, EN 420). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgæfnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska.
Húð - annað	Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 13034).
Öndunarfæri	Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu með viðeigandi síu, eða sjálfstæðan öndunarbúnað.
Umhverfi	Tryggið að útsog og önnur losun sé innan leyfðra marka.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Engin
Litur:	Hvítur
Suðumark:	100°C
Lægri sprengimörk í lofti:	Varan er ekki eldfim
Hærrí sprengimörk í lofti:	Varan er ekki eldfim
Uppgufunarhraði:	Eins og vatns
Gufuþrýstingur (20°C):	Eins og vatns
Leysanleiki í vatni:	Blandast vatni, óleysanlegt í leysum, unnum úr jarðolíu.

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki vænst við venjulegar notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, blöndun við aðrar efnavörur.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar og sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: Kolefnisoxíð, nituroxíð, brennisteinsoxíð, hvarfgjörn vetniskolefni og ertandi gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhrif:

TSI Spray Silicon Coolant 1/2 Gall 1:20					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhrif, inntaka	LD ₅₀	300-2000	mg/kg		
Bráð eiturrhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg		
Bráð eiturrhrif, innöndun	LC ₅₀	>20	mg/l		
Húðæting/erting		Neikvætt			
Alvarlegur augnskaði		Veldur alvarlegri ertingu			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Eitrun æxlunarfæra		Neikvætt			
Sértæk eiturrhrif á markliffæri, SEM-VES		Neikvætt			
Sértæk eiturrhrif á markliffæri, SEM-EV		Neikvætt			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhrif:

TSI Spray Silicon Coolant 1/2 Gall 1:20					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhrif	LC ₅₀	>100 mg/l		Fiskar	
Eiturrhrif	EC ₅₀	>100 mg/l		Daphnia	
Eiturrhrif	EC ₀	>100 mg/l		Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		Hratt niðurbrot			
Uppsöfnun í lífverum		Upplýsingar liggja ekki fyrir			
Dreifanleiki í jarðvegi		Upplýsingar liggja ekki fyrir			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll, jarðveg eða vatnsból. Geymið tómar umbúðir fjarri eldi og neistagjöfum.

Óhreinir umbúðir

Gufa getur valdið eld- og sprengihættu. Hvorki skal gata, sjóða, skera, eða slípa í og við umbúðir nema þær hafi verið vandlega hreinsaðar. Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG:

Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

	H302	Hættulegt við inntöku
	H315	Veldur húðertingu
	H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
	H318	Veldur alvarlegum augnskaða
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu
	H332	Hættulegt við innöndun
	H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
Útgáfa:	1	
Dags:	15.04.2016	

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

LUBRICATION TECHNOLOGIES Inc.
SAFETY DATA SHEET
LUBE-TECH SILICONE SIPING LUBRICANT

Útgáfa:

19.05.2015